

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

VAUST / 8408

Arni Helgason

Athuganir í Borgarfirði eystri 1984

Árangur af seiðasleppingum 1981-84

13.11.84

VAUST/8408

VEIÐIMÁLASTOFNUN

Arni Helgason

EINTAK BÓKASAFNS

Efnisyfirlit	bls
1. INNGANGUR	1
2. Lýsing á ánum	1
3. AÐFERÐIR VIÐ ATHUGANIR	3
4. NIÐURSTÖÐUR	3
5. ÁLYKTANIR OG UMRÆÐA HEIMILDIR	5
	8

Mynda og töfluskrá.

Mynd 1 Kort af Fjarðará og Þverá	2
Mynd 2 Lengdardreifing Laxa og Bleikju	6

Tafla 1 Afli í rafveiði 1984	4
Tafla 2 Meðallængdir laxa og bleikju í rafveiði	4

1. INNGANGUR

Dagana 7. og 8. ágúst var gerð athugun á ástandi fiskstofna í Fjarðará í Borgarfirði eystri og bverá hennar Þverá. Þessi könnun hafði það markmið, að meta árangur seiðasleppinga í árnar á undan-gengnum árum, og er gert grein fyrir niðurstöðum hér í bessari skýrslu.

2. Lýsing á Fjarðará og Þverá.

Árnar í Borgarfirði eystri hafa verið skoðaðar af starfsmönnum Veiðimálastofnunar árin 1979 og 1981, og eru svæðalýsingar og mat á ánum byggt á óbirtum gögnum úr þeim athugunum auk þess, sem var gert í rannsóknarferð í ágúst 1984.

A mynd 1 er kort af Fjarðará og Þverá í mælikvarða 1:100.000, sem sýnir helstu kennileiti við árnar og auk þess rafveiðistaði frá í sumar. A myndinni neðantil er einnig sýnt hallasnið af ánum, sem eru til glöggvunar um bratta ánnna á hverjum stað.

Neðsti hluti Fjarðarár frá ósi að ármótum hennar og Þverár er allur á láglendi með litlum halla. Þetta endurspeglast í gerð árinnar, en á þessu svæði er hún tiltölulega breið, straumlítill og botninn almennt úr fingerði möl og grús, sem er blandað finna efni, og myndar þetta frekar pétt og skjóllítið umhverfi. Þetta svæði er óhentugt sem búsvæði fyrir laxaseiði og sömuleiðis til hrygningar fyrir lax. Ofan við ármótin verður hallinn á ánni fljótlega meiri, og straumhraði eykst að sama skapi. A þessu svæði, sem telst vera frá ármótunum og eina 3 km innfyrir Hvannstóð (samtals um 6 km), er botn smágrýttur neðantil, en stórgrýttari með smágrýti á milli ofantil. Straumlag er víðast hæfilegt á neðri hlutanum, en skiptist meira í straumsnarpa kafla og lygnur á milli á efri hluta. A þessu svæði er verulegur hluti þannig að gerð, að laxaseiði finni sér hentuga bústaði.

Þverá er fiskgeng að fossinum Pottur, sem er skammt ofan við brúna á ánni. Ofan við fossinn skiptist Þverá fljótlega í tvær ár, Krossá og Skúmadalsá.

N.
↑

FRA HERADI


NJARÐVIK

0

5 KM.

Fjardara i Boegarfjordi eystri:

KORT og HALLARIT AF ÁNNI.
RAFVEIDISTÁDIR 1984



Neðsti hluti Pverár frá ármótum og langleiðina að brú er af líkri gerð og neðsti hluti Fjarðarár, með litlum straum og fingerðu botnefni, og hefur því ekki hentugt umhverfi fyrir laxaseiði. Ofan við petta svæði breytist gerð árinnar, og einkennist af meiri straumi og grófari botni (smágrýttur botn), sem er góður fyrir laxaseiði. Þessi nýtanlegi kafli er alveg að fossinum Potti og er 2 - 3 km á lengd.

Ofan við fossinn er um 3 km langur kafli í Krossá sem telst góður fyrir lax, en fossinn, sem er um 12 metrar á hæð, fellur að hluta niður á klöpp, og erfitt er að meta hvort gönguseiðum á niðurgöngu væri hætta búin af því að ganga þar niður.

3. AÐFERÐIR VIÐ ATHUGANIR.

Athuganir í Fjarðará og Pverá 1984 voru gerðar með rafveiði, sem felur í sér, að fiskur á afmörkuðum svæðum í ánni er veiddur með því að leiða 300 volta jafnspennu milli tveggja skauta í vatninu, og gerist það þannig, að vegna rafstraumsins, þá dregst fiskurinn ósjálfrátt að skauti, sem rafveiðimaður heldur á, og er hann háfaður þar í fötu til nánari athugunar og mælinga.

Allur veiddur fiskur er lengdarmældur, og af hluta aflans eru tekin sýnishorn af hreistri og kvörnum til þess að aldursgreina og skoða vöxt hjá einstökum stærðarhópum.

I athugun 1984 var rafveitt á 5 stöðum í Fjarðará samtals 1214 m^2 , en á einum stað í Pverá eða 208 m^2 . I öllum tilvikum var eingöngu farin 1 yfirferð á stöðunum.

4. NIÐURSTÖÐUR.

I töflu 1 er sýnt í smáatriðum hvað veiddist af laxa- og bleikju-seiðum á sérhverjum stað í ánum, og auk þess hver þessi fjöldi er ef heildarrafveiðisvæði er umreiknað í 1000 fermetra.

Tafla 1. Afli í rafveiði í Fjarðará og Pvérá sumarið 1984.

Fjarðará

Stöð	stærð	Yfirf.	Fj. laxa	bleikja
1. 200 m o.v. neðri brú	150	1	0	0
2. Móts við Hvolshól	400	1	0	3
3. Milli Grundar og Hólalands	234	1	8	6
4. O.v. Hólalandsbrú	280	1	2	19
5. Við Hvannstóð	150	1	1	10
Samtals	1214	-	11	38
Pverá				
6. 200 m o.v. brú	208	1	19	3

Veidd seiði á hverja 1000 m ² svæðis:		
Fjarðará :	9	31
Pverá :	91	14

Í töflu 2 er sýndur fjöldi og meðallengdir einstakra aldurshópa laxa og bleikju eins og þær birtast af niðurstöðum aldursákvarðana á kvörnum.

Tafla 2. Meðallengdir aldurshópa og fjöldi rafveiddra seiða í einstökum aldurshópum.

Tegund	Aldur	Fjarðará			Pverá		
		FJ	ML ± 2 × SE	FJ	ML ± 2 × SE		
Lax	0	8	6.0 0.4	0	-		
	1	0	-	0	-		
	2	0	-	2	7.9 0.7		
	3	6	9.8 0.6	17	9.8 0.3		
Bleikja	0	6	3.8 0.5	0	-		
	1	15	7.6 0.4	2	7.4 2.0		
	2	11	10.4 0.4	0	-		
	3	5	13.9 0.6	1	14.5 -		

Á mynd tvö eru niðurstöður aldursgreininga og mælinga settar fram í súluritum, sem sýna dreifingu einstakra aldurshópa af laxaseiðum og bleikjuseiðum í 5 mm lengdarbil. Í súluritunum er veiddur fjöldi seiða umreiknaður á 1000 fermetra svæði svo samanburður sé auðveldari.

Laxaseiðum hefur verið sleppt í Fjarðará og Þverá um árabil, og hefur á síðari árum eingöngu verið um sumaralin laxaseiði að ræða. Skv. upplýsingum frá Þorsteini Kristjánssyni, þá hafa sleppingar frá árinu 1981 verið þessar:

1981	9000	sumaralin laxaseiði
1982	6000	
1983	0	
1984	3000	

Öll árin hefur verið sleppt bæði í Þverá og Fjarðará, en ekki á sömu svæðin öll árin. Athuganir á kvarnasýnishornum af laxaseiðum úr rafveiði í sumar benda til þess, að það séu eingöngu sleppiseiði sem eru til staðar í ánni sem stendur.

Hvað bleikjunni viðkemur, þá er hana að finna allstaðar í Fjarðará nema á neðsta svæðinu, og eru það allir árgangar af seiðum milli 0 og 3ja ára. Í þverá fannst eingöngu vottur af 1 og 3ja ára bleikju.


ALYKTANIR OG UMRÆDA.

Við skoðun á niðurstöðum athugana í Borgarfirði eystri vekur strax athygli, að vöxtur laxaseiða í Fjarðará og Þverá er hægur, og að það virðist ekki vera munur á því milli árra. Í athugun, sem var gerð 29. júlí 1981 (Finnur Garðarsson, óbirt gögn), voru sleppiseiði frá því ári að meðaltali 4.5 cm að lengd. Sami seiðahópur er orðinn 9.8 cm að meðaltali í ágúst 1984, og af því má ráða, að þau hafi a.m.k. að hluta til náð niðurgöngustærð nú í haust og ganga til sjávar næst vor (1985). Miðað við þær aðstæður, sem hafa ríkt á þessu tímabili tekur það því sleppiseiði 4-5 ár að ná göngustærð í Borgarfjarðaránum, og má ætla af fenginni reynslu, að það tæki náttúrulegt klak a.m.k. einu ári lengur. Til samanburðar má


Nynd

Lengdardreifing fiskseiða í Fjarðará og Þverá í Borgarfirði Eystrí. Súluritin byggja á rafveiðiniðurstöðum frá 7.8.1984. Súlurnar sýna fjölda laxa- og bleikjuseiða í hverju 5 mm lengdaribili miðað við 1000 fermetra svæði og eina rafveiðiyfirferð.


fj./1000 m²




Þverá - ein stöð = 208 m² rafveidd 1. sinni



Fjarðará - sama og að ofan



Þverá - sama og að ofan



benda á, að sleppiseiði frá árinu 1981 í Staðará í Hjaltastaðahá höfðau náð 9.3 cm lengd að meðaltali haustið 1983 eða gönguseiðastærð á 3-4 árum, og í Vesturdalsá í Vopnafirði næst sami vöxtur á 2-3 árum.

Fjarðará og Þverá eru dragár, sem eiga uppruna sinn í talsvert snjóþungum svæðum uppf af Borgarfirði. Það er einkenni á dragám, að hitastig í þeim er mjög háð lofthita á hverjum tíma, og þar sem snjóþung svæði standa að baki, er venjulegt, að hitastig sé mjög lágt meðan snjóbráðar gætir enn í ánum.

Það má ætla, að vegna einkenna Borgarfjarðaránna, að vaxtarími á sumri hverju sé stuttur í þeim og að árferði almennt hafi í för með sér verulegar sveiflur í því tilliti.

Ef tekið er saman álit þeirra, sem hafa skoðað Borgarfjarðaránar með tilliti til uppeldis á laxi (Veiðimálastofnun, óbirt gögn), þá er gróflega áætlað að í Fjarðará sé um 40-45 þúsund m^2 svæði, sem hentar sem búsvæði fyrir laxaseiði, en 15-20 þúsund m^2 í Þverá og Krossá. Ef við gefum þá forsendu að hentugur þéttleiki miðað við sumaralin seiði sé 20 seiði á 100 m^2 , þá er mögulegt að sleppa þar á bilinu 11-13 þúsund smáseiðum.

EKKI liggja fyrir neinar niðurstöður, sem gefa til kynna með vissu, hversu stóran gönguseiðahóp smáseiðaslepping af þessar stærð ætti að gefa í Borgarfirði, en hinsvegar er fullljóst, að sérhver vetur, sem seiðin dvelja í ánni tekur sinn toll og minnkar framleiðsluna.

Til glöggvunar getum við skoðað tilbúið dæmi, þar sem gert er ráð fyrir 50% afföllum af seiðum á hverjum vetrí og að 10% af gönguseiðum skiliðu sér í veiði í ánni sem fullorðinn lax. Þetta dæmi miðað við 12000 sleppiseiði gæfi 1500 gönguseiði eftir 3 vetur í ánni og þá 150 laxa veiði úr hópnum, en 375 gönguseiði og um 40 laxa veiði sé miðað við 5 vetur í ánni fyrir niðurgöngu. Það skal undirstríkað hér, að þetta dæmi er ekki byggt á raunverulegum tölum, en gefur þó hugmynd um, hverskonar stærðir getur verið að ræða.

Ég tel, að laxarækt í Borgarfirði Eystri sé erfitt verkefni vegna þess hvernig ytri aðstæðum er háttáð, og að árangur af henni ráðist og sveiflist mjög með hvernig tíðarfari er háttáð. Komi ár eða áraðir, þar sem köld ár eru einkennandi mun árangur af smáseiðasleppingum verða rýr, en sé hinsvegar um góð tímabil að ræða, þá getur hann orðið viðunandi.

A sama hátt tel ég líklegt að útkoma úr náttúrulegu klaki, sem verður

í ánni ráðist að miklu af árferðinu á hverjum tíma, og í því sambandi sé árferði klakvorið þyngst á metunum eins og niðurstöður viðar af Austurlandi benda til.

A., næstu 3 árum ætti að skýrast betur hversu mikill árangur verður af sleppingunni frá 1981 og er ástæða til þess að undirstrika mikilvægi þess, að fylgjast grannt með veiðinni og safna hreistri af veiddum laxi í ánni á þessu tímabili, og senda til Veiðimálastofnuna til úrvinnslu.

Heimildir:

Finnur Garðarsson, 1981 : Óbirt gögn úr rannsóknarferð í Borgarfjörð sumarið 1981. Veiðimálastofnun.

Teitur Arnlaugss, 1979 : Óbirt gögn úr Rannsóknarferð á Austurland árið 1979. Veiðimálastofnun